

prestsins síns og mannsins, er þeir áttu mest að þakka, að félagskapur þeirra varð til. En þessa yfirsjón hafa þeir margbætt upp síðan. Og eitt er víst, að svo lengi sem frjáls trúarhreyfing á sér stað hér í bæ meðal Íslendinga, mun Björns Péturssonar getið sem hins fyrsta og fremsta þeirrar hreyfingar.

Unitarasöfnuðurinn íslenzki myndaðist 1. febrúar 1891. — Framan af voru messur fluttar á Assiniboine Hall. Það var fyrst á fundi, er haldinn var 5. nóv. 1893, að rætt var og áform-að að reisa kyrkju. Til þess fyrirtækis hafði safnað verið meðal Unitara í Bandaríkjum rámum \$ 1,000. Kyrkjan var smíðuð það sama haust og fullgjörð og afhent söfnuðinum á jóladaginn 1893 að aflokinni messu.

Í kyrkju þessari hélt söfnuðurihn alla sína fundi og samkomur í rúm tufu ár, unz hún var sold vorið 1904, og hin nýja kyrkja bygð. Sú nýbreytni varð á, við það sem Íslendingar höfðu áður vanist, að frá því að kyrkjan var bygð, var hún léð fyrir hver þau fundarhöld og samkvæmi, er Íslendingar þörfnuðust. Álitu Unitarar að húsið þyrsti einkis í að missa við það, né trú þeirra að líða þar við, með því að átrúnaður þeirra var í engu festur *á hústnu*. En fólk, sem vanist hafði kyrkjudýrkun, þótti þetta í fyrstu vanskemandi, og ekki leið á löngu, áður en farið var almennt að nefna húsið „Hall“, og hélzt það nafn við fram til þess síðasta.

En svo var vánalegt að uppnefna fleiri hús, og fóru hinir kyrkjurnar íslenzku ekki várhlutá af því.

Nú í seinni tím hefir saint þessi heimska horfið, og eru nú allar íslenzku kyrkjurnar í bænum notaðar fyrir ýmislega mannfundi, án þess að það valdi nokkrum umyrðum. Enda eru aldrei þar nokkrir samankomnir, séin ekki eru boðnir og velkomnir að vera viðstaddir guðspjónustur o. fl. á helgum dögum.

Um mörg ár var gamla kyrkjan einhver sögulegasti staðurinn meðal Íslendinga í bænum. Þar voru fundir haldnir um flest þau mál, er fólk lét sig varða. Þar voru flestir íslenzkir sjónleikir sýndir, og mátti heita, að þar væri aðal leikhús ísl. hluta bæjarins. Þar var haldið fagnaðarsamsæti Þorsteini skálði Erlingssyni sumarið 1896, og þar var þá um vorið haldinn fyrsti